



HRUNAMANNAHREPPUR

77. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

18. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 6. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins sem nú hefur verið flutt á nýjan stað í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð. Þar hefur nú verið innréttað glæsilegt ráðhús og skrifstofuklasi sem ramar með góðum hætti inn starfsemi vaxandi sveitarfélags. Með flutningnum er starfsaðstaða bætt til mikilla muna, allir starfsmenn skrifstofu eru hér með sameinaðir undir einu þaki. Vonar sveitarstjórn að nýtt ráðhús og menningarmiðstöðin sem fljótlega mun opna á neðri hæðinni verði bæði íbúum, starfsmönnum og gestum sveitarfélagsins til farsældar.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 23. fundar frá 3. nóvember 2025.**
Lögð fram fundargerð 23. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Lagt er til að heilsuvika verði haldin í tengslum við Uppskeruhátíðina eða dagana 31.8.– 6.9.2026.

Sveitarstjórn þakkar nefndinni góðar ábendingar vegna fjárhagsáætlunar ársins 2026 og jafnframt fyrir vel skipulagða dagskrá Heilsuvikunnar 2025. Sveitarstjórn staðfestir skipan í Ungmennaráð. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. **Skólanefnd: Fundargerð 19. fundar frá 3. nóvember 2025.**
Lögð fram fundargerð 19. fundar Skólanefndar.

Sveitarstjórn þakkar nefndinni góðar ábendingar vegna fjárhagsáætlunar ársins 2026 og jafnframt fyrir góða vinnu að aðgerðaráætlun skólastefnunnar sem lögð er fram til samþykktar síðar á fundinum. Sveitarstjórn vill hvetja alla íbúa til að mæta á íbúáþing um skólamál sem haldið verður í félagsheimilinu næstkomandi mánudag. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. **Ungmennaráð: Fundargerð 8. fundar frá 22. október 2025.**

Lögð fram fundargerð 8. fundar Ungmennaráðs. Í fundargerðinni er gerð grein fyrir hlutverki Ungmennaráðs við athöfn sem haldin verður þann 14. nóvember n.k. þar sem sveitarfélaginu verður afhent viðurkenning sem Barnvænt sveitarfélag. En Ungmennaráð hefur veg og vanda af skipulagningu viðburðarins sem er öllum opin.

Sveitarstjórn fagnar því að framundan sé afhending viðurkenningar vegna Barnvæns samfélags og þakkar af því tilefni Kolbrúnu Haraldsdóttur, sem haldið hefur með góðum hætti utan um verkefnið, Ungmennaráði og öllum öðrum sem að því hafa komið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að greiða kostnað vegna þátttöku Ungmennaráðs í ráðstefnu Ungmennaráða sem haldin verður 5. desember 2025. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

ARJ
DGS
BL

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

4. Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings: Fundargerð aðalfundar frá 15. október 2025.

-Ásamt fjárhagsáætlun og breyttum stofnsamningi sem lagður er fram til fyrri umræðu.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings ásamt fjárhagsáætlun og breyttum stofnsamningi til fyrri umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkri að vísa breytingum á stofnsamningi til síðari umræðu.
Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.*

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 337. fundar frá 7. október 2025.

Lögð fram fundargerð 337. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

Erindi til sveitarstjórnar:

6. Bréf frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 21. október 2025.

Lagt fram bréf frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna möguleika á heildarsamningi við STEF, félagasamtaka tón- og textahöfunda á Íslandi. En STEF hefur óskað eftir viðræðum um gerð rammásamnings um greiðslur leyfisgjalda fyrir leyfi til flutnings tónlistar hjá sveitarfélögun landsins og stofnunum þeirra.

Sveitarstjórn telur óþarfi að flækja mál meira en þurfa þykir og leggst því gegn því að Sambandið sé að sinna innheimtu STEF gjalda. Sveitarstjórn telur rétt að leið 1 verði farin og STEF innheimti sitt gjald beint af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda.

7. Bréf frá Námsgagnasjóði frá 16. október 2025.

Lagt fram bréf frá Námsgagnasjóði um úthlutun úr Námsgagnasjóði 2025 en í ár fær Hrunamannahreppur vegna Flúðaskóla úthlutað kr. 178.861,- úr sjóðnum til námsgagnakaupa.

Lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála frá 21. október 2025.

Lagt fram bréf frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála þar sem óskað er eftir umsögn þjónustuveitenda og annarra hagaðila um lokadrög að gæðaviðmiðum fyrir félagsþjónustu á Íslandi.

Sveitarstjórn telur rétt að fela deildarstjóra Velferðarþjónustu hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings að svara erindinu fyrir hönd Hrunamannahrepps.

9. Bréf frá framkvæmdastjóra EBÍ frá 27. október 2025

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra EBÍ þar sem tilkynnt er ágóðahlutagreiðsla ársins 2025 til aðildarsveitarfélaganna að upphæð 50 milljónir kr. Hlutdeild Hrunamannahrepps í Sameignarsjóði EBÍ er 0,621% og greiðsla ársins verður þá kr. 310.500.-. Fulltrúaráð EBÍ hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum enda hefur það ávallt verið megintilgangur þessa framlags.

Lagt fram til kynningar.

ARJ KH
DAS BL

10. Bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 20. október 2025.

Lagt fram bréf frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þar sem samningi um rekstur félagsmiðstöðvarinnar Zero er sagt upp um leið og farsælt samstarf undanfarandi áratuga á þessu sviði er þakkað.

Sveitarstjórn þakkar sömuleiðis gott samstarf en samkvæmt samningi mun samstarfinu ljúka í lok yfirstandandi skólaárs.

11. Minnisblað frá forstöðumanni félagsmiðstöðvar frá 28. október 2025.

Lagt fram minnisblað ásamt kostnaðaráætlun frá forstöðumanni félagsmiðstöðvar vegna Undankeppni Söngkeppni Samfés á Suðurlandi en viðburðurinn er árlegur og Félagsmiðstöðvar á svæðinu skiptast á að halda keppnina, þann 20. mars n.k. verður undankeppnin haldin á Flúðum. Viðburðurinn hefur lengi verið fastur liður í félagsmiðstöðvastarfi á Suðurlandi og stuðlar að listsköpun, sjálfstrausti og jákvæðu félagslífi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að viðburðurinn verði haldinn í Félagsheimili Hrunamanna þann 20. mars 2026. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að gefa eftir leigu húsnæðisins og standa straum af öðrum kostnaði sem falla mun til vegna keppinnar. Gert verður ráð fyrir kostnaðnum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

12. Aðgerðaráætlun vegna Skólastefnu Hrunamannahrepps vegna Flúðaskóla.

Lögð fram aðgerðaráætlun vegna Skólastefnu Hrunamannahrepps vegna Flúðaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir aðgerðaráætlunina samhljóða og gerir sér jafnframt grein fyrir því að henni þarf að fylgja vel eftir. Sveitarstjórn þakkar Skólanefnd og öllum þeim sem komu að gerð aðgerðaráætlunarinnar og skólastefnunnar kærlega fyrir góð störf.

13. Aðgerðaráætlun vegna Skólastefnu Hrunamannahrepps vegna Leikskólans Undralands.

Lögð fram aðgerðaráætlun vegna Skólastefnu Hrunamannahrepps vegna Leikskólans Undralands.

Sveitarstjórn samþykkir aðgerðaráætlunina samhljóða og gerir sér jafnframt grein fyrir því að henni þarf að fylgja vel eftir. Sveitarstjórn þakkar Skólanefnd og öllum þeim sem komu að gerð aðgerðaráætlunarinnar og skólastefnunnar kærlega fyrir góð störf.

14. Umræða um Hrunamannaveg 3 íbúðir.

Umræða um Hrunamannaveg 3 íbúðir.

Sveitarstjóri kynnti þær umræður sem fram hafa farið við húseiganda. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við eiganda hússins sem og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna.

15. Bréf frá Önnu Fjólu Gísladóttur, ódagsett.

Lagt fram bréf frá Önnu Fjólu Gísladóttur vegna útgáfu bókar um réttir landsin.

Því miður sér sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu.

16. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 20. nóvember, kl. 14:00.

APJ HJ
DGS
BZ

Fjárhagsleg málefni:

17. Tekjuforsendur 2026 (Almennar gjaldskrár).

Lögð fram drög að gjaldskrár Hrunamannahrepps fyrir árið 2026 til umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir þær forsendur sem ræddar voru og verða gjaldskrárnar lagðar fram í endanlegri mynd á næsta fundi.

Mál til kynningar:

18. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 987. fundar stjórnar frá 21.10.2025.

Lagt fram til kynningar.

19. Kynning frá Vegagerðinni á nýju leiðakerfi landsbyggðavagna.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:10.

Helga Stefánsdóttir

Daði Geir Samúelsson

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Þjarnny Vignisdóttir